

# Fundur stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings b.s. - NOS

haldinn í Félagsheimilinu Borg Grímsnes- og Grafningshreppi miðvikudaginn 29. júní 2022  
kl. 14:00

## Mætt:

Aldís Hafsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Ásta Stefánsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gestur Kristjánsson, Jón Bjarnason og Sandra Sigurðardóttir. Auk þess sat fundinn Melkorka Jónsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

### 1. Kosning formanns NOS.

Stungið var upp á að Ása Valdís Árnadóttir yrði formaður NOS.  
Samþykkt samhljóða að Ása Valdís yrði formaður til næstu fjögurra ára.

### 2. Kosning ritara NOS.

Lögð var fram tillaga um að Haraldur Þór Jónsson yrði ritari.  
Samþykkt samhljóða að Haraldur yrði ritari til næstu fjögurra ára.

### 3. Farið yfir samþykktir og erindisbréf í upphafi nýs kjörtímabils.

Stjórn sammála um að huga þurfi að breytingum á samþykktum og erindisbréfi í ljósi þróunar starfseminnar.

### 4. Kosning nefndarmanna í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd á grundvelli tilnefninga sveitarfélaganna.

Lagðar fram tilnefningar sveitarfélaganna um nefndarmenn í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd. Stjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi skipun til áramóta 2022-2023:

Flóahreppur: Sigurbára Rúnarsdóttir og til vara Helena Hólm.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Ásmundur Lárusson og til vara Jóhanna Valgeirsdóttir.

Hrunamannahreppur: Bjarney Vignisdóttir og til vara Katrín Þorvaldsdóttir.

Bláskógabyggð: Valgerður Sævarsdóttir og til vara Guðrún S. Magnúsdóttir.

Grímsnes- og Grafningshreppur: Smári Bergmann Kolbeinsson og til vara Steinar Sigurjónsson.

Hveragerði: Sigurður Einar Guðjónsson og til vara Alda Pálsdóttir  
**Nýir – Aðalmaður Valgerður Rut Jakobsdóttir og til vara Eva Harðardóttir**

Sveitarfélagið Ölfus: aðalmaður Elsa Jóna Stefánsdóttir og til vara Harpa Þuríður Böðvarsdóttir.

### 5. Kosning formanns Skólaþjónustu- og velferðarnefndar.

Stjórn NOS samþykkir að Sigurbára Rúnarsdóttir verði formaður Skólaþjónustu- og velferðarnefndar.

### 6. Kosning varaformanns Skólaþjónustu- og velferðarnefndar.

Stjórn NOS samþykkir að Elsa Jóna Stefánsdóttir verði varaformaður Skólaþjónustu- og velferðarnefndar.

- 7. Ákvörðun um þóknun fyrir setu í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd.**  
Þóknun fyrir setu í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshóla er sú sama og nefndarlaun eru í nefndum hjá Hveragerðisbæ og tekur breytingum í samræmi við þau.
- 8. Starfsmannamál.**  
Samþykkt að framlengja starfshlutfalli ritara sem hefur verið í afleysingu til 31. október 2022.
- 9. Drög að nýju logoi hjá SVÁ.**  
Melkorka kynnti drög að nýju logoi sem unnið hefur verið fyrir Skóla- og velferðarþjónustuna. Samþykkt að fresta ákvörðun um breytingu á logoi.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:00.